



Umhverfis- og samgöngunefnd
Kristjana Benediktsdóttir, ritari
Austurstræti 8-10
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 23. september 2014

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, þingskjal 5-5. mál.

Landssamband fiskeldisstöðva (LF) gerir athugasemd við 17. gr. gildandi hafnarlaga nr. 61/2003, „Gjöld“ og vekur athygli nefndarinnar á að í gjaldskrá nokkurra hafna sem LF hefur skoðað á Vestfjörðum er fiskeldisfyrirtækjum gert að greiða **aflagjald** af framleiddum eldisfiski sem fluttur er úr kví um hafnarsvæði í sláturhús eða fiskverkun á landi. Aflagjaldið reiknast af helmingi heildarsöluverðmætis aflans eða á sama grundvelli og reiknað aflagjald frystiskipa. Þá er fiskeldisfyrirtækjum sem nýta hafnaraðstöðu fyrir seiðaflutninga í kví gert að greiða allt að 1,6% verðmætis í aflagjald til hafnar.

Í 17. gr. tölul. 1.e er skilgreining á sjávarafurðum. Þar segir „Sjávarafurðir eru **sjávarafli**, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta til úr sjávarafla“. Í reglugerð um fiskeldi eru sjávarfiskar skilgreindir sem „Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó“. Í sömu reglugerð eru *lagardýr skilgreind sem*: „Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, s.s. fiskar, lindýr, krabbadýr og skrápdýr“. LF telur því að eldisfiskur eða seiði af laxaætt séu hvorki sjávarafli, né sjávarfiskur heldur lagarfiskur.

Að mati LF eru viðkomandi hráefni fiskeldishráefni en ekki sjávarafli, verðmætið óskýrt enda er um að ræða „vöru í vinnslu“ eða vöru á mismunandi framleiðslustigi sem fær endalegt verðmæti við sölu afurðar eftir slátrun, þökkun og útflutning til kaupenda.

LF telur réttara að fiskeldisfyrirtækja greiði í stað aflagjalds eins og lagt er á nú, **magntengt vörugjald** af eldisfiski í vinnslu samkvæmt 17. gr. 1.b. Með slíkri breytingu er þjónustugjaldið magntengt (kr/tonn) í stað þess að vera áætluð eða huglæg verðmæti. Hér þarf líka að hafa það í huga að eldisfiskurinn er oftast í eigu sama eða tengds aðila fyrir og eftir löndun úr sláturskipi.

Landssambands fiskeldisstöðva leggur til að Alþingið geri breytingu á hafnalögum með það að markmiði að skerpa á lagarákvæðinu og gera gjaldstofninn skýrari með magntengingu í stað verðmætatenginu. Fiskeldi í sjó er að aukast bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Því er brýnt að lagaumhverfi fiskeldis í sjó verði bætt áður en atvinnugreinin stækkar mikið.

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva

Virðingarfyllt,

Guðbergur Rúnarsson
framkv.st. Landssamband fiskeldisstöðva